

Magnús T. Guðmundsson
88/01



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

GILSFJARÐARBRÚ
Bylgjubrotsmælingar 1988

Magnús T. Guðmundsson

Unnið fyrir Vegagerð ríkisins

MTG-88/01

Desember 1988



ORKUSTOFNUN
Greinargerðasafn



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

Verknúmer: 561.100

GILSFJARÐARBRÚ
Bylgjubrotsmælingar 1988

Magnús T. Guðmundsson

Unnið fyrir Vegagerð ríkisins

MTG-88/01 Desember 1988

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	3
2. FRAMKVÆMD	3
3. NIÐURSTÖÐUR HEIMILDIR	4 5
VIÐAUKI: Sýnishorn frumgagna	5
TAFLA: bylgjubrotsmælingar, niðurstöður	

MYNDIR:

1. Gilsfjörður - bylgjubrotsmælingar, afstöðumynd og yfirlitskort
2. Snið I og snið II
3. Fartímalínurit 1-4
4. Fartímalínurit 5

1. INNGANGUR

Þann 6. september 1988 voru gerðar bylgjubrotsmælingar á Gilsfirði til að kanna þykkt og hljóðhraða setlaga í firðinum. Mælingar þessar voru gerðar að beiðni Vegagerðar Ríkisins og eru þær liður í athugun á möguleikum til vega- og brúargerðar yfir fjörðinn.

Við Gilsfjörð utanverðan er strikstefna jarðlaga nálægt NA og hallar jarðlögumunum til SA. Berggrunnurinn er gerður úr tertierum basalthraunlögum. Miklar leirur, sem fara á kaf á flóði, teygja sig út frá nesinu Kaldvana sunnan fjarðar. Ná þær norður fyrir skerin á miðjum firði: Nónsker, Garpsdalsey og Eyjarbarn. Milli skerjanna og norðurlandsins liggur síðan nokkur hundruð metra breiður áll og gætir þar mjög sjávarfallastrauma. Állinn er um 3 km langur og liggur hann í sveig milli Nónskers og Garpsdalseyjar annars vegar og Þrætuskers og norðurlandsins hins vegar.

Á árunum 1976 og 1977 gerðu starfsmenn Orkustofnunar athuganir á þykkt lausra setlaga á leirunum norður frá Kaldvana og notuðu til þess endurkast (Boomer reflection) og bylgjubrot (sjá Ágúst Guðmundsson o.fl. 1978). Reyndist setið víða 20-30 m þykkt nær landi en grynnra í grennd við skerin. Hljóðhraði í setinu var á bilinu 1,5 - 1,9 km/s. Hljóðhraði í bergen undir setinu mældist á bilinu 2,9 - 3,7 km/s. Einnig var boruð ein hola með Cobrabor mitt á milli Nónskers og Þrætuskers og gekk borinn niður á 4.8 m dýpi áður en hann stöðvaðist á klöpp eða mórenu.

Í mælingunum sem hér er greint frá var ætlunin að kanna setlög í álnum og auk þess að mæla á hugsanlegu innra vegarstæði suður af Múlahyrnu, nokkuð vestan við þar sem Vesturlína þverar fjörðinn. Ekki vannst þó tími til að mæla þar en í álnum voru mældir 10 bylgjubrotsprófílar. Þar af voru 4 viðsnúnir en 6 voru eingöngu mældir í aðra áttina. Péttast var mælt milli Þrætuskers og Nónskers en þar er állinn þrengstur.

2. FRAMKVÆMD

Verkið var unnið á síðdegisflóðinu 6. september. Notað var 12 rása skjálftamælitæki Orkustofnunar (Bison Geopro 8012) og hydrofónakapall. Af hálfu Orkustofnunar vann Magnús T. Guðmundsson að verkinu en auk hans unnu við mælinguna Kjartan Thors og Guðrún Helgadóttir frá Hafrannsóknastofnun og Gunnar Bjarnason frá Vegagerðinni. Notaður var mælingabátur Kjartans, Bláskelin, og var lagt upp frá Reykhólum.

Hydrofónakapallinn sem notaður var er 110 m langur milli 1. og 12. fóns og því 10 m bil milli fóna. Kapallinn flýtur í yfirborðinu og er hann dreginn á eftir bátnum. 20 m voru úr skut bátsins aftur í 1. fón. Til að framkalla þrýstibylgju í sjónum var notuð dynamíthleðsla, 150-300 g, og var hún sprengd í yfirborði sjávar 10 m frá 1. fóni (10 m aftan við bátinn).

Staðsetningar mælipunkta voru gerðar með Racal Micro-Fix staðsetningakerfi í eigu Hafrannsóknastofnunar en kerfi þetta er byggt upp af móðurstöðvunum sem komið er fyrir umhverfis mælisvæði, og móttökutæki sem staðsett er í bátnum.

3. NIÐURSTÖÐUR

Í mælingunum koma fram 3 hljóðhraðalög. Nokkrar truflanir eru á bylgjulínuritum vegna útleiðslu í hydrofónakaplinum. Auðvelt er þó að lesa línuritin og raunverulegar skjálftabylgjur sjást greinilega þannig að truflanirnar skekkja ekki niðurstöður, þó hvimleiðar séu (sjá viðauka).

Efsta lagið sem fram kemur er sjórinn og hefur hann hraða $V_1 = 1,46 \text{ km/s}$. Fremur smástreymt var þegar mælingarnar voru gerðar og var háflóðið 1,14 m yfir meðalsjávarborði. Á korti (mynd 1) og sniðum (mynd 2) er miðað við meðalsjávarborð og tilsvarandi leiðréttung því gerð á þykkt lags 1. Mótin milli hljóðhraðalaga 1 og 2 falla víðast saman við hafsbottinum. Lag 2 hefur hraða $V_2 = 1,5 - 1,7 \text{ km/s}$ og þar sem hraði þess er lægstur er mjög erfitt að greina hraðabreytingu milli laga 1 og 2.

Ekki tókst að ákvarða þykkt lags 2 nema á tveimur stöðum því bylgja frá lagi 3 sést aðeins í skotum 17 og 11 og þá aðeins í 2 - 3 síðustu fónum. Hægt hefði verið að skyggast dýpra með því að lengja kapalinn á þann hátt að auka fjarlægð frá skotpunkti í fyrsta fón úr 10 m í allt að 50 m. Við það eykst dýptarskynjun um 10 - 15 m. Tími til mælinga á flóðinu var hins vegar frekar knappur auk þess sem niðurstöður urðu ekki að fullu ljósar fyrr en við nánari skoðun gagnanna. Ekki er hægt að ákvarða hraða í lagi 3 út frá þessum gögnum en eftir því sem næst verður komist er hann hár, yfir 3 km/s.

Meta má lágmarksþykkt lags 2 út frá gefnum hraða í lagi 3. Á sniðum I og II er dregin slitin lína fyrir minnsta huganlegt dýpi niður á lag 3 ef $V_3 = 3,7 \text{ km/s}$. Rétt er að ítreka að þetta er minnsta dýpi, ekkert er því til fyrirstöðu að það sé mun meira.

Þar sem hraði lags 2 er minnstur, $V_2 = 1,5 \text{ km/s}$, er líklegt að á ferðinni sé laust eða lítt samlímt set. Hæsti hraðinn, $V_2 = 1,7 \text{ km/s}$, svarar til nokkru þéttara sets, líklega mórenu. Hæsti hraðinn mælist þar sem állinn er þrengstur, milli Nónskers og Prælaskers, en á því svæði (skot 16, 19 og 15) er lag 1 nokkru þykkara (6-8 m) en nemur hafdýpinu (3-4 m). Hafsbottin á þessu svæði er því hugsanlega þakinn 2-4 m þykku lagi af lausu seti.

Sjá má í basaltklappir í skerjunum beggja vegna álsins, en eins og fram kemur hér að ofan virðist þykkt set vera til staðar hvarvetna í sjálfbum álnum. Niðurstöður þessara mælinga benda því til þess, að undir álnum sé setfylltur dalur eða renna sorfin í berggrunninn, a.m.k. 40 m djúp víðast hvar.


HEIMILDIR

Ágúst Guðmundsson 1979: *Vestfjarðarlína. Könnun á botnseti Þorskafjarðar.* OS-79002/ROD01. 17 bls.

Ágúst Guðmundsson, Birgir Jónsson, Arnlaugur Guðmundsson og Jósef Hólmjárn 1978: *Vestfjarðarlína. Þverun á Gilsfirði, könnun á þykkt setlaga.* OS-ROD-7812. 11 bls.

Birgir Jónsson 1977: *Vestfjarðarlína. Þveranir á Gilsfirði og Þorskafirði. Jarðsveiflumælingar.* OS-ROD-7724. 6 bls.


Haukur Tómasson 1964: *Lýsing á jarðfræðilegum aðstæðum í línumstæðum yfir Gilsfjörð.* Raforkumálastjóri Orkudeild (óbirt handrit).



MYND 1 SKÝRINGAR:


Sjávardýpi miðað við meðalsjávarborð, í m milli dýptarhláa
Viðsnúinn bylgjubrotsprófill, skot nr. 16 og 19

Bylgjubrotsprófill, eingöngu mælt í aðra dritina
ABCD Snið I
EF Snið II



VOD-M4-L-56L-MTG
88.12.0849-0D

MYND 2
Snið I



7258000 4588000 C

7258400 4585000 B

D 0 10 20 30 40 50

0 10 20 30 40 50

0 10 20 30 40 50

1500m

1000

500

0 10 20 30 40 50

E 7258200 5600000 Snið II

F 7257420 5611150

SKÝRINGAR:

Laus og hálfþrðnuð settiðg
 $V = 1,5 - 1,7 \text{ km/s}$

Undirlag, líklega basalt
 $V_1 \text{ og } V_2$

Hljóðhraði (km/s)
Minnsta hugsanlegt dýpi
niður á lag 3, (ef $V_3 = 3,7 \text{ km/s}$)

Minnsta, sjá mynd nr. 1
Annað, hnit hornapunkta

7258500 4588800

m

1000

500

0

0 10 20 30 40 50

0 10 20 30 40 50

0 10 20 30 40 50

1500m

0 10 20 30 40 50

0 10 20 30 40 50

0 10 20 30 40 50


m

1000


500

0

MYND 3
Fartimálminnir 1 : skot 17, 16, 19, 15, 14 og 2




Fartimálminnir 2 : skot 12, 22 og 11



VOD-MJ-561-MTG
8812.0848-OD

MYND 4





ORKUSTOFNUN
Raforkudeild

JARDSVÆIFLUMÆLINGAR

Staður. .Gilsfjörður.

Ár. 1988

Ath.

Unit: IUTM

Við dýptarútreikninga er allstaðar notaður $v_1 = 1.46 \text{ km/s}$


V = velocity / hlióðhræði

$\mu = \mu_D - \delta \mu / \text{hallgr } \mu_D$

d = down-dip / hällar nioð


`t = true / réttur`

VÍÐAUKI: Sýnishorn frumgagna




Gilföldw

جذب ١٧



sheet 19


Gisfjörður



16


جفورد

Gisfjörður



Gilfjöldur
skot 12

Gilfjöldur



Gilfjöldur - skot 22